

Apríl 2020
UMS-112

Lokaskýrsla til Sprotasjóðs vegna verkefnisins „Verkleg og vistvæn vísindakista“

Verkefnisstjóri: Jón Aðalsteinn Brynjólfsson
Lundarskóli, Akureyri

Markmið verkefnis samkvæmt umsókn

Markmiðinu voru að útbúa vistvæna vísindakistu með 8 verkseðlum og kennsluleiðbeiningum fyrir efnafræðitilraunir. Kistan verður geymd hjá MSHA og ætluð til útlána þeim sem vilja.

Leiðir sem valdar voru til að ná markmiði umsóknar

Kennari við Háskólann á Akureyri skrifaði verkseðla og leiðbeiningar. Meistaránemi við sama skóla þýddi efnið yfir á íslensku og pólsku. Norðurorka styrkti kaupin á glervörðunni í settin. Kennari við Lundarskóla sá um innkaup á efnum. Verkefnið var að hluta tilraunakennt við þrjú skóla í Eyjafirði.

Frávik miðað við áætlun verkefnisins

Covid19 setti allar áætlanir úr skorðum og engar upprunalegar dagsetningar stóðust. Framlengingar fengust á verkefnið og kistan er tilbúin.

Helstu hindranir sem komu upp við vinnu verkefnisins

Covid19 og sóttvarnaraðgerðir yfirvalda komu eðlilega í veg fyrir að hægt væri að fylgja upprunalegu áætluninni

Mat á verkefninu samkvæmt umsókn

Verkefnið hefur verið unnið samkvæmt markmiðum umsóknar en hvernig áframhaldið verður er auðvitað í höndum þeirra kennara sem hugsanlega munu nota efnið. Með tíð og tíma verður hægt að skoða hvort eða hvaða áhrif tilurð kistunnar munu hafa á skólastarf.

Niðurstöður verkefnisins

Markmið verkefnisins náðust að mestu leyti. Vegna þess að verkefnið hlaut ekki fullan styrk þurfti að skera niður og fækka verkefnum en það er þó skoðun okkar sem að verkefninu stöndum að tilurð kistunnar auki fjölbreytni verklegrar kennslu og bæti möguleika þeirra kennara sem vilja verklega kennslu en hafa hugsanlega ekki tækin til þess.

Áætlun um kynningu á afrakstri verkefnisins og helstu niðurstöðum

Samband íslenskra sveitarfélaga styrkti tilurð verklegs efnafræðinámskeiðs sem haldið var haustið 2021 í Háskólanum – þar var vísindakistan kynnt áhugasömum kennurum sem sóttu námskeiðið.

Niðurstöður á notkun kistunnar liggja eðlilega ekki fyrir – næstu ár fara í áframhaldandi prófanir.

Dagsetning 3.júní 2022



Undirskrift verkefnisstjóra

Undirskrift skólustjóra ábyrgðarskóla

Rekstrarreikningur

Skýring kostnaðar	Gjöld	Tekjur
Efnafræðivörur	300.000	
Laun	1.600.000	
Efnafræðinámskeið fyrir grunnskólakennara	250.000	
Styrkur frá Sprotasjóði		1.600.000
Styrkur frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga		250.000
Styrkur frá Norðurorku		300.000
Alls:	2.150.000	2.150.000



Jón Aðalsteinn Brynjólfsson
Jón Aðalsteinn Brynjólfsson
Verkefnisstjóri

Elías C. Þorh.
Elías Gunnar Þorbjörnsson
Skólastjóri Lundarskóla